



Kennsluáhlutun: Að greina orðhluta

Orðhlutar eru grunnurinn í orðmyndun og áhrif orðhlutavitundar á orðaforða byggja á því. Ef nemendur geta brotið orð upp í orðhluta og áttað sig á hvaða þýðingu hver orðhluti hefur fyrir heildarmerkingu orðsins, geta þau hugsanlega fundið út merkingu orða sem þau hafa ekki séð áður.



Lýsing

Kennt er í samtals 5 kennslustundir, eina klukkustund í hvert sinn.

Verkefni eru útbúin í Powerpoint og samanstanda af litríkum myndum, orðum og setningum.

Kennslan fer fram í fjögurra til sex barna hópi.

1. kennslustund

Samsett orð.

1. Markmiðið er að nemendur skilji að orð eru búin til úr fleiri en einum hluta (orði) og að merking þeirra breytist eftir því hvernig þeim er raðað saman.
2. Tvær myndir eru skoðaðar, til dæmis af sól og hatti og hugsa um af hverju þær eru.
3. Því næst eru nemendurnir beðnir um að búa til lengra orð (sólhattur) með því að skeyta orðunum tveimur saman.
4. Kennarinn og nemendur ræða um fleiri orð sem mögulega væri hægt að skeyta saman.
5. Í lokin eru orðflokkarnir kynntir.
6. Nemendum er kennt að flokka orð eftir því hverju þau lýsa.
7. Þau búa til nafnorð úr sögnum með því að bæta viðskeytum aftan við þau.



2. kennslustund

Verkefni eru þrennskona.

1. Nemendurnir sjá setningu sem í vantar eitt orð. (t.d. „við sáum _____ í bænum“). Kennarinn les setninguna upphátt.

Því næst birtast þrjú orð ásamt lýsandi myndum fyrir neðan (t.d. bíll, tölva, syngja) og nemendurnir ræða sín á milli hvaða orð gætu mögulega passað inn í setninguna.

Eftir að svar hefur verið gefið ræða allir saman um hvers vegna sum orðin passa en önnur ekki (t.d. að orðið verður að vera um hlut eða að orðið verður að vera eitthvað sem við gerum).

Markmiðið er að börnin hugsi um mismunandi gerðir orða og hvað það er sem gerir þau ólík.

Nöfn helstu orðflokka eru svo kynnt smátt og smátt.

2. Nemendurnir eru beðnir um að koma með dæmi um orð úr ólíkum orðflokum. Þau sjá fjögur orð (t.d. kýr, steinn, bók og taska) og þau beðin að íhuga hvers konar orð þetta séu og koma með dæmi um fleiri slík.

3. Nemendurnir eiga að búa til nafnorð með því að bæta viðskeytum aftan við sagnir.

Þau sjá setningar ásamt myndum (eins og t.d. „manneskja sem kennir er kenn____) og eiga svo að velja á milli endinganna.



3. kennslustund

Farið í sams konar verkefni og í öðrum tíma, að viðbættum fleiri viðskeytum.

4. kennslustund

Fjallað er um forskeyti sem gefa orðum andstæða merkingu (eins og t.d. forskeytið „ó“ í orðinu „óduglegur“)

Nemendur skeyta réttu forskeyti framan við orð sem birtist á skjánum.

Farið er yfir viðskeytin „-ing“ „-leg“ og „-ari“ á sama hátt.

5. kennslustund

Í síðustu kennslustundinni er farið yfir forskeytin „mis-“ og „of-“ , auk þess sem verkefni liðinnar viku eru rifjuð upp.

Heimild: Freyja Birgisdóttir. (2010). Kennsla um orðhluta eykur orðskilning nemenda á yngsta stigi grunnskólans. Uppeldi og menntun. 19 (1.-2. hefti), 33-50. Lauslega þýtt og endursagt: Anna Guðrún Júlíusdóttir.